

sá hvað fara gerði, hlupu þeir til, og létu Arna Helgason og Kr. Jónasson vita um brunan. Engin töf var á að ná saman fólkinu, og slökkvidælan var kominn niður á bryggju eftir mjög lítinn tíma, en það sem vest var, hún var alls ekki í því standi sem æskilegt var, þ.e.a.s. hún fór strax í gang, en vann ekki nema stutta stund, og hætti svo alveg. Var síðan tekin í sundur og athuguð en ekkert fanst athugasvert, var síðan sett saman aftur og reynd, en það fór á sömu leið, dælan vann (pumpaði) eðlilega nokkrar mínútur, en hætti alveg síðan.

8. jan. 1934

Jeg hefi nú verið í réttarhöldum í allan dag, losnaði fyrst kl. 7 í kvöld, og þar sem að ekkert nýtt hefir komið fram, er lítið meira um þetta að segja. Guðjón Guðm. sem vonandi flytur þjer þetta bréf getur kannske sagt þjer eitthvað nákvæmar en hjer er gert, og til þess að vera búinn með bréfið nógu tímanlega, fer jeg að slá botninum í það.

Jeg sendi þjer hjer með Kr: 400.00, sem er aleigan. Heiðdal er í Reykjavík. og hefir ekkert borgað enn. Upptalningin fylgir ennfreður. Sendu mjer ef þú getur nýja kassabók.

Fleiri fréttir man jeg ekki. Vertu alltaf margblessaður

Þinn Þróðir

A large, stylized handwritten signature in dark ink, likely belonging to Þorvaldur, is written over the typed name 'Þinn Þróðir'. The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke at the bottom.